

## Stjórnarfundur FNS

### Fundargerð (vefútgáfa)

**Þriðjudaginn 12. desember, kl. 12:00 í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ**

Mættar: Helga Lind Hjartardóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Svanhildur Svavarsdóttir og Margrét Arnardóttir var á Skype.

1. NFSY
  - a. Þegar aðilar fara á NFSY fundi hefur NFSY greitt fyrir einn aðila og viðkomandi landsfélag hefur greitt fyrir hinn. Gera þarf verklagsreglur um hvað félögin eiga að greiða hátt á móti NFSY. Við erum með formennsku og því eru fleiri frá okkur að mæta á fundi en venjulega. Það þarf að taka umræðu um fjármálin. Ekki fordæmi frá öðrum löndum að greiða fyrir allt. Það þarf að ákveða hvað á að greiða mikið fyrir íslensku nefndina. Nefndin mun leggja tillögu fyrir stjórnina um kostnað.
  - b. Umsókn um styrk hefur verið send til KÍ vegna formennsku NFSY.
2. Skjal fyrir KÍ þing, vinnuskjal sent til framkvæmdastjórnar skólamálaráðs KÍ í des. 2017.
  - a. Ingibjörg, Systa og Helga fóru á fund með þessari nefnd. Nefndin vill heyra meira um náms- og starfsfræðslu og um stefnumótunina. Það þarf að setja saman rökstuðning vegna náms- og starfsfræðslu fyrir skýrslu framkvæmdastjórnar skólamálaráðs. Einnig þarf að forgangsraða í stefnumótuninni.
3. Umsókn um styrk til Velferðarráðuneytis vegna Watch var send. Ingibjörg og Björg Birgis sáu um að senda inn umsókn. Það er ekki komið svar.
4. Kjarasamningur Félags grunnskólakennara. Það er í stefnu KÍ að hafa 300 nemendur á hvern ráðgjafa. Það þarf að senda fyrirspurn á KÍ um hvað sé verið að leggja áherslu á í sambandi við náms- og starfsráðgjafa.
5. MRN mun senda út könnun á alla grunn- og frhsk. í mars 2018. Óskað eftir eftir að stjórn FNS myndi búa til lista yfir svör fyrir könnunina. Þetta hefur verið sent á MRN.
6. SEF styrkur fyrir sumarnámskeiðum. Þarf að sækja um fyrir 16. Janúar. Styrkurinn er eyrnamerkur framhaldsskólaráðgjöfum en aðrir náms- og starfsráðgjafar geta mætt gegn greiðslu. Virkja þarf fagráð framhaldsskólanna til að fá hugmyndir að námskeiði. Svanhildur mun kanna hug fagráðs framhaldsskólanna.
7. PR mál. Upplýsinga- og kynningarnefnd
  - a. Næstu skref?
    - i. Ósk frá aðilum að fara að senda út nýja efnið.
    - ii. Hvernig vistum við efnið? Systa athugaði hjá Tactica varðandi uppsetningu á Word Press síðu fyrir fns.is. Þurfum að skoða nánar hvað felst í því og hvað við getum gert sjálf og bera það saman við tilboðið frá Emstrum. Mikilvægt að við getum sett inn texta og myndir sjálf. Það þarf að byrja strax á næst ári að nýta efnið. Það er hægt að setja efnið inn á Facebook síðuna okkar. Það þarf að vera starfsmaður í vinnu við að gera

þetta eða einhver þóknun fyrir. Reyna að koma kynningarefninu okkar inn á Næstu skref. Systa sendir kynningarbréf á alla félagsmenn.

- iii. Handbók? Systa fór af stað í það að setja upp handbók/leiðbeiningar fyrir mismunandi skólastig og atvinnulífið um hvernig væri sem best hægt að nýta efnið. Hvað á við hvar osfrv. Hún sendi á nefndina en hefur ekkert svar fengið frá þeim.
  - b. Samvinna við HÍ. HÍ vill fá að taka þátt í kynningarátakinu, það er að kaupa sig inn í markaðsefnið. Leggjum til upphæð og sendum þeim tillögu. Með þessu getur námsleiðin merkt sér efnið og sett í annað kynningarefni ólíkt öðrum skólum sem eiga ekki að nota efnið í auglýsingar fyrir sinn skóla/stofnun.
8. Stefnumótunarmál, höldum áfram 2018.
    - a. Fimmtudagurinn 14.12'17 þátttaka í stefnumótunarfundi náms- og starfráðgjafa innan fullorðinsfræðslunnar og kynning á Goal verkefninu. Ingibjörg fer á þennan fund.
    - b. Rýnihópur vegna naestaskref.is (þessi vefur kemur að notum í stefnumótun nogstrgj.) Nokkrir út stjórn munu mæta á þessa rýnihópa.
  9. Dagur náms- og starfsráðgjafa, vantar styrk vegna gestafyrirlesara. Þegar sá styrkur kemur inn komum við út af deginum á núlli.
  10. Vinnustofa EU compass 7. des. Svanhildur fór fyrir hönd FNS.
  11. Ráðstefna IAEVG 2018 Gautaborg, Helga Lind. Erfitt er að fá svör frá Ícelandair þar sem þeir eru mjög uppteknir af HM. Helga Lind ætlar að senda fyrirspurn á fleiri ferðaskrifstofur.
  12. Annað:
    - a. Þátttaka FNS á sérfræðingafundi um færnisþá á vinnumarkaði 9. nóv. sl. Það á að fara að vinna í þessu. Búið að óska eftir að FNS verði þátttakendur í þessari þróunarvinnu ásamt Hagstofunni, vinnumálastofnun, tölvusérfræðingum o.fl.

Fundi slitið kl. 13:30

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir